

ÍÞRG2BL02

Búið til: Mon, 19 Oct 2020 13:16:00 GMT

Titill

Blak

Skammstöfun

ÍÞRG2BL02

Útgáfunúmer

25

Námsgrein

Íþróttagrein

Viðfangsefni

blak

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn er að mestu verklegur þar sem áherslan er blak fyrir unglinga og fullorðna, þ.e. frá 16 ára og eldri. Í áfanganum eru grunnatriði greinarinnar þjálfuð og æfð í gegnum æfingar, leiki og spil. Farið verður einnig í ólíkar stöður á vellinum (leikfræði> uppspilari, miðja, kantur, díó og frelsingi). Efni tengt viðfangsefninu verður sett á kennsluvef og nemendur vinna fjölbreytt verkefni, bæði verklega og bóklega, ýmist einir eða í hóp undir leiðsögn kennara.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- reglum íþróttarinnar
- hlutverkum leikmanna og staðsetningum
- tæknilegri útfærslu grunnatriða íþróttarinnar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja upp skipulagðan tímaseðil út frá getu iðkenda og markmiðum tímans
- meta reglur íþróttarinnar við að horfa á kappleiki og dæma hjá samnemendum
- geta spilað ólíkar stöður á vellinum
- útfæra krefjandi æfingar til að æfa viðfangsefnin

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- dæma blakleik hjá samnemendum og/eða æfingaleiki
- geta horft á blak og skilið leikinn, s.s. hvað sé verið að dæma, af hverju staðsetning leikmanna er eins og hún er o.s.frv
- bera ábyrgð á því að skipuleggja og framkvæma kennslu hjá samnemendum þar sem grunnatriðin eru kennd
- meta eigin leik og annarra og komið með hugmyndir að því hvað má bæta og þá hvernig

- geta tekið þátt í umræðum um viðfangsefnin á faglegan og uppbyggilegan hátt

Námsmat

Áfanginn er metinn út frá verkefnum, mætingu, virkni, færni og áhuga

Skólar**Fyrirmynd**